



ferðapjónusta bænda

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi). Þingskjal 731 – 457. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016.)

Félag ferðapjónustubænda fagnar því að fram er komið frumvarp um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald ef það má verða til að koma böndum á leyfislausu starfssemi. Mikilvægt er að leitað sé allra leiða til að stemma stigu við leyfislausri starfssemi sem og að allir sitji við sama borð hvað varðar skatta og skyldur af starfsseminni, þ.m.t. gistináttaskatt. Og gildir slíkt hvort sem starfssemin er tímabundin og einungis skráningarskyld eða þar sem allra tilskilinna leyfa er aflað.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að núverandi staðir sem reka sína starfssemi undir heitinu **heimagisting** muni til framtíðar lúta sömu kröfum og gerðar eru til annarra gististaða þ.e. flokkur II. Ljóst er að þessi breyting um hafa umtalsverð áhrif á starfssemi hjá fjölmörgum smærri ferðapjónustubændum sem hafa með öllum tilskyldum leyfum rekið sína starfssemi undir merkjum heimagistingar, ýmist á eigin kennitölu eða sem lögaðilar. Jafnframt má benda á að í opinberu gæðakerfi ferðapjónustunnar VAKANUM er flokkur gistingar sem ber heitið HEIMAGISTING og sýnist því að um ósamræmi verði þar að ræða með boðuðum breytingum. Því færi betur á að hinn nýi flokkur heimagistingar bæri annað nafn s.s. íbúðagisting á lögheimili/sumarhúsi viðkomandi persónu.

Hvað varðar ákvæði um tímalengd til að reka hinn nýja flokk gistingar, sem einungis nýtur skráningarskyldu, þ.e. allt að 90 daga er mikilvægt að fram komi að víða í dreifbýli nær nýting jafnvel ekki 90 dögum en viðkomandi engu að síður með öll tilskilin leyfi til reksturs. Því leggjum við áherslu á að tímalengd gistingar með sérstökum ívilnunum er varða leyfi þ.e. einungis skráningarskyld verði að hámarki bundin við 6 – 8 vikur þ.e. hefðbundinn sumarleyfistíma og miðist við **samanlagða útleigu** þeirra tveggja forma húseigna þ.e. eigin heimilis og/eða sumarhúss. Slíkt verður að teljast eðlilegt m.t.t. samkeppnisstöðu þeirra sem hafa slíka starfssemi með öllum tilskildum leyfum og greiða fasteignaskatta í samræmi við að um atvinnurekstur sé að ræða.

Félag ferðapjónustubænda leggur áherslu á að eftirliti með skráðri starfssemi verði sinnt skipulega og að gætt verði allra öryggisþátta, og þannig torveldað verði að hægt verði að stunda slíkan rekstur undir yfirborði. Ef reynslan af téðri lagabreytingu verður sú að áfram verði mikill fjöldi óskráðra eða leyfislausra herbergja í útleigu í skammtímaleigu þá er mikilvægt að endurmeta lögina og framkvæmd þeirra m.t.t. þess þannig jafnræði verði ávallt haft að leiðarljósi.

Mikilvægt er að boðaðar lagabreytingar verði til þess fallnar að bæta öryggi viðskiptavina, að skilaboð verði skýr um hvers konar þjónustu er að ræða, að gætt verði að samkeppnisaðstöðu þeirra sem þjóna ferðamönnum og að komið verði í veg fyrir undanskot.

10. febrúar 2016

f.h. Félags ferðapjónustubænda

Sigurlaug Gissurardóttir, formaður